

Háskóli Íslands, líf og umhverfisvísindadeild - Askja
Dr. Sigurður S. Snorrason
Sturlugata 7
107 Reykjavík

Reykjavík 21. ágúst 2017
UST201708-072/D.Ö.H.
09.05.01

Efni: Herðubreiðarlindir - rannsóknaleyfi

Umhverfisstofnun hefur móttækið erindi Dr. Sigurðar S. Snorrasonar dags. 10. ágúst. 2017, vegna fyrirhugaðra rannsókna innan Herðubreiðarfriðlands.

Lýsing framkvæmdar:

Markmið rannsóknarinnar er að kanna sérstakar aðlaganir bleikju að köldum lindum á Íslandi. Veiddar verða u.þ.b. 30 dvergbleikjur, sem verða svæfðar með viðurkenndri aðferð, ljósmyndaðar, lengdar- og þyngdarmældar og úr þeim tekin sýni til erfðagreiningar. Þær verða síðan frystar og haldið til frekari rannsókna.

Veiðin fer fram með rafveiðitækjum sem drifin eru af smámótor sem gengur fyrir bensíni. Notast verður við 4 lítra brúsa til að koma bensíni á staðinn. Engum efnum verður sleppt í umhverfið, ekki verður farið út fyrir slóða en gengið verður um gróið land að Lindaá. Veitt verður á 1-3 stöðum.

Áhrifamat:

Ekki er gert ráð fyrir að gengið verði nærri umhverfi svæðisins né heldur fiskistofnum en fyrir liggur, skv. umsækjanda, leyfi Fiskistofu til sýnatöku úr ferskvatnsfiskum. Stofnunin metur veiðarnar ekki til þess fallnar að valda varanlegum skaða á dýralífi.

Skilyrði:


Umhverfisstofnun metur í hvert sinn hvort rannsóknir kalli á að veitt sé sérstakt leyfi á friðlýstum svæðum. Er þá metið hvort þær kalla á breytingu svæðis af einhverju tagi, jarðrask, skerðingu á dýralífi eða mannvirkjagerð, sbr. og friðlýsingarskilmála viðkomandi svæðis.

Umhverfisstofnun telur að í þessu tilfelli sé rannsóknin ekki háð leyfi stofnunarinnar en telur þó þörf á að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

- Hafa skal skjal þetta meðferðis þegar unnið er við rannsóknir í friðlandinu.
- Æskilegt er að rannsakendur séu auðkenndir stofnun sinni við veiðar og vinnslu á staðnum, t.d. með merktum sýnileikafatnaði eða öðrum áberandi auðkennum.

- Skv. upplýsingum frá Matvælastofnun getur rannsóknin fallið undir reglugerð nr. 460/2017 um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni. Því þarf að sækja um leyfi til Matvælastofnunar fyrir aflífun og rannsóknir á bleikjunni.
- Landverðir á staðnum eða sérfræðingur Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit skulu upplýstir um upphaf rannsókna. Póstfang sérfræðings er myvatn@ust.is og sími 464-4460.

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri umsagna- og leyfisteymis

Afrit: Fiskistofa, Matvælastofnun.